

## Ný deild í skrifstofu menntamála

Gerðar hafa verið breytingar á skrifstofu menntamála í menntamálaráðuneytinu sem tóku gildi þann 1. febrúar sl. Grunnskóla- og leikskóladeild og framhaldsskóla- og fullorðinsfræðsludeild voru lagðar niður og í stað þeirra var stofnuð ný deild, skóla- og símenntunardeild. Deildin mun annast málefni allra skólastiga nema háskólastigsins, þ.e. leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og málefni símenntunar. Breyting þessi er gerð í því augnamiði að tryggja betur samræmi og samfelli í því starfi ráðuneytisins sem snýr að þessum skólastigum. Breytingin á einnig að auka sveigjanleika varðandi verkaskiptingu og viðfangsefni starfsmanna. Eftir breytingarnar verða fjórar deildir í skrifstofu menntamála, þ.e. skóla- og símenntunardeild, námskrárdeild, mats- og eftirlitsdeild og háskóladeild. Deildarstjóri í skóla- og símenntunardeild er Karl Kristjánsson.

## UT2004: Upplýsingatækni – vinnur með þér



Ráðstefna um upplýsingatækni í skólastarfi, UT2004 verður haldin dagana 5.-6. mars nk. Í [Fjölbrotaskólanum í Garðabæ](#) undir yfirskriftinni *Upplýsingatækni – vinnur með þér*. Á UT2004 verður lögð áhersla á mannlega þáttinn í upplýsingatækni í skólastarfi með tilliti til kennslufræði, siðferðis, námsumhverfis, virkni nemenda og notkun upplýsingatækni í verklegri kennslu.

[Mennt](#) annast framkvæmd ráðstefnunnar fyrir hönd menntamálaráðuneytisins. Verkefnisstjóri UT2004 er Gyða Dröfn Tryggvadóttir, netfang: [gyda@mennt.is](mailto:gyda@mennt.is). Nánari upplýsingar er að finna á [menntagatt.is/ut2004](http://menntagatt.is/ut2004)

## Þróunarsjóðir á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi og til fullorðinsfræðslu

Á vegum menntamálaráðuneytis eru starfræktir þróunarsjóðir á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi og til fullorðinsfræðslu og er veitt fé til þeirra samkvæmt fjárlögum hvers árs.

Nýverið auglýsti ráðuneytið umsóknarfresti í þessum sjóðum, en þeir eru eftirfarandi: [Þróunarsjóður leikskóla](#) – 27. febrúar 2004, [Þróunarsjóður grunnskóla](#) – 25. febrúar 2004 og [Þróunarsjóður framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu](#) – 27. febrúar 2004. Meginmarkmið sjóðanna er að veita styrki til þróunarverkefna sem hafa með nýjungar, tilraunir og nýbreytni í skipulagi náms að gera, í kennsluháttum, námsgögnum og mati á skólastarfi. Undanfarin ár hafa verið sett fram ákveðin forgangssvið innan þróunarsjóðanna, þó áfram sé unnt að sækja um hvers kyns þróunarverkefni. Innan Þróunarsjóðs leikskóla er áherslan í ár lögð á verkefni er tengjast annars vegar samstarfi leikskóla og foreldra og hins vegar starfi með yngri börnum leikskóla. Innan Þróunarsjóðs grunnskóla er á skólaárinu 2004-2005 áhersla lögð á verkefni er lúta að læsi til menntunar og fjölbreyttu námsmati. Þróunarsjóður framhaldsskóla og til fullorðinsfræðslu veitir forgang á skólaárinu 2004-2005 verkefnum sem tengjast kennslu á sviði starfsmenntunar og verkefnum sem miða að því að styrkja undirstöðufærni fullorðinna til náms, s.s. lestrar- og skrifarfærni. Umsýsla Þróunarsjóða leik- og grunnskóla er í höndum [Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands](#). Umsýsla Þróunarsjóðs

framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu er í menntamálaráðuneytinu, nánari upplýsingar má nálgast á vef menntamálaráðuneytisins undir [Afgreiðsla / Sjóðir og eyðublöð](#)

## Stærðfræði fyrir alla

[Kennaraháskóli Íslands](#), [Námsgagnastofnun](#) og [menntamálaráðuneyti](#) standa fyrir kynningu á stærðfræði í grunnskóla þann 14. febrúar nk. Milli kl. 11 og 16. Kynningin verður haldin í húsakynnum Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð Markmiðið með kynningunni er að kynna áherslur í stærðfræðikennslu og nýlegt námsefni í stærðfræði í grunnskóla. Kynningin þann 14. febrúar er hugsuð til þess að veita foreldrum og öðrum uppaldendum upplýsingar um áherslur í stærðfræðikennslu. Þar gefst tækifæri til að kynna sér nýtt námsefni í stærðfræði og spyrja spurninga. Að auki gefst foreldrum og börnum þeirra kostur á að kynna sér skemmtilega leiki, þrautir og forrit sem stuðla að auknum skilningi á stærðfræði. Meðal dagkrárlíða eru: stúdentar á stærðfræðikjörsviði KHÍ kynna stærðfræðiverkefni tengd daglegu lífi. Námsgagnastofnun sýnir kennslubækur og forrit sem notuð eru við stærðfræðikennslu. Fulltrúar svara fyrirspurnum, hægt verður að prófa forritin, spila spil, leysa þrautir og taka þátt í stærðfræðikeppni. Fulltrúi menntamálaráðuneytis svarar fyrirspurnum um námskrá í stærðfræði. Flötur, félag stærðfræðikennara, kynnis starfsemi sína. Ýmsir aðrir aðilar munu sýna gögn til stærðfræðikennslu. Hrókurinn býður upp á fræðslu og fjöltefni Einnig geta gestir gengist undir

„Stöðupróf Hróksins“.

## Hreyfing eflir hugann

Á grundvelli ákvörðunar [Evrópubingsins](#) hafa Evrópubingið og ráð Evrópusambandsins ákveðið að árið 2004 skuli vera „[Evrópuár menntunar með iðkun íþróttanna](#)“. Menntamálaráðuneytið hefur skipað landsnefnd til að stýra verkefninu hér á landi en umsýsla verkefnisins er í höndum [Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands](#). Slagorð verkefnisins hér á landi er „Hreyfing eflir hugann“. Meginmarkmið Evrópuárs menntunar með iðkun íþróttanna er m.a. að minna Evrópubúa, einkum ungt fólk, á gildi íþróttanna fyrir þroska einstaklingsins, félagslega hæfni og gott líkamsástand; að efla tengsl menntunar og íþróttanna innan Evrópu og að efla hreyfanleika og alþjóðleg nemendaskipti, sérstaklega í fjölmenningarlegu umhverfi. Þessum markmiðum verður leitast við að ná m.a. með upplýsingamiðlun, kynningarstarfi og verkefnum um menntunargildi íþróttanna og fjárstuðningi við fjölþjóðleg, innlend, svæðisbundin og staðbundin verkefni. Nánari upplýsingar er að finna á vef Evrópuárs menntunar með iðkun íþróttanna [eyes-2004.info](#). Þá er enn fremur hægt að nálgast upplýsingar hjá ÍSí og á [isisport.is](#) Ráðuneytið væntir þess að árið verði sem flestum hvatning til menntunar með iðkun íþróttanna og hvetur skóla, félög, stofnanir og aðra aðila til að nota tækifærið til að skipuleggja og/eða taka þátt í skipulögðum verkefnum með slagorð ársins í huga.

